

Afgreiðslufundur

Árið 2025, fimmtudaginn 9. október kl. 09:00 var haldinn 1864. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Ástrún Eva Sívertsen, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsókn Félagsstofnunar stúdenta, kt. 540169-6249, dags. 17. september 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingastofa (Háma) að Hagatorgi 1, F2028392, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
2. Lögð fram umsókn Félagsstofnunar stúdenta, kt. 540169-6249, dags. 26. september 2025 um skráningu á veitingastað (Háma) að Hagatorgi 1, F2028392, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir veitingastaði*.
3. Lögð fram umsókn MT Ísland ehf., kt. 471119-0160, dags. 3. október 2025 um skráningu á niðurrífi á asbesti undir gluggum í húsnæði við Ármúla 6, F2014870, matshluti 2. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrífi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.
4. Lögð fram umsókn Fjölmenntar, kt. 671010-1670, dags. 8. ágúst 2025, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir sérskóla (Fjölmennt) að Vínlandsleið 14, F2307050, rými 01 0101. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir skóla og kennslustaði*.
5. Lögð fram umsókn Ó. Johnson & Kaaber ehf., kt. 611200-2770, dags. 30. september 2025, um leyfi til tóbakssölu (ÓJ&K-ÍSAM) að Blikastaðavegi 2-8. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. *Laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum*.
6. Lögð fram umsókn My way, kt. 581022-0340, dags. 28. mars 2025, um leyfi til tóbakssölu (Mandi) að Veltusundi 3b. Nýtt leyfi.
Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. *Laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum*.

Fundi slitið kl. 09:58

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Ástrún Eva Sívertsen